



Norðurþing  
Bt. Skipulags- og byggingarfulltrúa  
Ketilsbraut 7-9  
640 Húsavík

Gunnarsholti, 23. nóvember 2022


### Ósk um umsögn: Skipulags- og matslýsing deiliskipulags Akursels Norðurþingi

Landgræðslunni barst til kynningar skipulags- og matslýsing Akursels Norðurþingi. Landgræðslan hefur kynnt sér efnið og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan lýsir yfir ánægju með markmið skipulagsins um að nýta lífrænt efni til landgræðslu. Einnig markmiðum um skógrækt og landgræðslu og að unnar verði landgræðsluáætlun með áherslum landgræðslu á svæðinu. Í því sambandi er viðeigandi að hafa til hliðsjónar „Land og líf“, sameinaða stefnu Matvælaráðuneytis um landgræðslu og skógrækt auk aðgerðaáætlunar, jafnframt öðrum gögnum um viðmið og umhverfisverndarmarkmið (kafla 3.1.2).

Landgræðslan gerir ekki athugasemdir skipulags- og matslýsing deiliskipulags Akursels Norðurþingi. Stofnunin er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslunnar,

  
Dávíð Arnar Stefánsson,  
Sérfræðingur